

Mýrdalshreppur

Austurvegi 17

870 Vík

Efni: Athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028

Um umsagnaraðila

Athugasemdir þessar eru gerðar af eigendum Þórisholts ehf. Undirrituð (Guðni og Halla) eru ábúendur í Þórisholti, eigendur íbúðarhúsnæðis á bænum og aðrir eigendur Þórisholts ehf. og jarðarinnar Þórisholts. Undirrituð (Grétar og Sædís Íva) eru búsett í Vík og aðrir eigendur Þórisholts ehf. og jarðarinnar Þórisholts. Undirrituð eru leigutakar af nytjalandi Reynishóla, Reynisholts 1, Reynisholts 2 og 3, Reynisholts 5 og Teygagerðis. Þórisholt ehf. er einn stærsti gulrófuframleiðandi landsins. Einnig hafa eigendur skipulagt frístundabyggð í landi Þórisholts. Eigendur Þórisholts ehf. hafa því víðtækra hagsmuna að gæta varðandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Athugasemdir við tillögu að breyttri legu þjóðveggar 1 og drög að umhverfisskýrslu

Sú aðalskipulagstillaga sem fyrir liggur, með breyttri legu þjóðveggar 1, og umhverfisskýrsla þar að lútandi, hafa verið unnar án nokkurs samráðs við undirrituð. Það stangast á við anda skipulagslaga og skipulagsreglugerðar um að haft skuli virkt samráð við íbúa og hagsmunaaðila meðan á gerð aðalskipulags stendur. Hvers vegna var það ekki gert?

Ný veglína hefur ekki verið mörkuð nákvæmlega eða sýnd t.d. á landskiptakorti eða túnkorti. Það er þó ljóst að bæði hluti nytjlands og eignarlands Þórisholts fer undir veghelgunarsvæði. Þarna spillast m.a. rófuakrar Þórisholts sem er einn stærsti gulrófuframleiðandi landsins. Í kafla 6 í umhverfisskýrslu, *Samandregnar niðurstöður mats*, er hvergi minnst á það rask sem nytjaland verður fyrir vegna nýrrar veglínu. Undirrituð gera alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð.

Á bls. 15 í drögum að umhverfisskýrslu, kafla 3.8 *Landnotkun*, segir orðrétt:

„Í matsvinnunni fór fram umræða um verndargildi og verðmæti á landi og gróðri sem nýtt er á ólíkan hátt. Var m.a. spurt hvort tún hefðu minna verndargildi heldur en votlendi. Greint var frá því að landbúnaðarland er mis verðmætt út frá sjónarhóli búskapar. Fram kom að þar sem landbúnaður er að dragast saman og landnotkun hefur breyst, s.s. í skógrækt eða hrossabeit má færa rök fyrir því að ræktað land hafi minna gildi en land sem einkennist af blómlegum búskap. Á áhrifasvæði veglínu eru tún sem virðast lakari í samanburði við ræktað land í háum gæðaflokki. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum yrði ekki mikil eftirsjá að slíkum túnum. Hins vegar er lítið eftir af óröskuðu mýrlendi á svæðinu en það hefur meira verndargildi út frá sjónarhóli náttúruverndar.“

Undirrituð spyrja: Á hvaða forsendum var þessi umræða byggð og hvaða fræðilegu rannsóknir liggja að baki þessum fullyrðingum?

Í umhverfisskýrslu er ekki fjallað um samfélagsleg áhrif veglínu á íbúa áhrifasvæðis sem veglína fer yfir.

Nýtt vegstæði myndi sjást vel frá bænum Þórisholti og valda töluverðri sjónmengun. Ekki hafa verið könnuð sjónræn áhrif vegarins með því að setja veginn inn á ljósmyndir eða inn í landlíkan. Vegurinn myndi blasa við frá bæjarhlaðinu og vera fyrir útsýni yfir hafið, Dyrhólaós, Reynisfjöru og Dyrhólaey. Í umhverfisskýrslu er lítið gert úr þeirri staðreynd að vegurinn verður líklega mjög sýnilegur í landslaginu.

Vegurinn myndi þurfa að standa af sér vatnsflóð Dyrhólaóss upp á mýrarnar. Engin gögn hafa verið lögð fram um þá vatnshæð og því engar rannsóknir eða áætlanir til um nauðsynlega hæð vegarins.

Þá hefur hávaðaútbreiðsla ekki verið könnuð frá umferð og nýtt vegstæði myndi valda ónæði vegna hávaða við bæinn Þórisholt sem hefur áhrif á ábúendur og starfsmenn.

Ný veglína fer yfir skilgreinda frístundabyggð í landi Þórisholts. Með nýrri veglínu eru möguleikar frístundabyggðar á þessu svæði eyðilagðir og landnýtingarmöguleikar Þórisholts því verulega skertir.

Í ljósi framangreindra efnisatriða er það mat okkar eigenda og ábúenda Þórisholts að nýtt aðalskipulag sem gerir ráð fyrir breyttri legu Þjóveggar 1 muni rýra verðgildi eigna okkar verulega ásamt því að skerða möguleika til búskapar og nytja á jörðinni Þórisholt. Ljóst er að verði aðalskipulag samþykkt með nýrri veglínu munum við leita réttar okkar gagnvart skipulagsyfirvaldi.

Við undirrituð ábúendur og landeigendur í Þórisholti mótmælum harðlega hugmyndum að nýrri veglínu Þjóðveggar 1 um Mýrdal skv. framlögðum drögum að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps.

Þórisholti 20. nóvember 2011

Guðni Einarsson, 090857-4799, sign

Grétar Einarsson, 300463-5689, sign

Halla Ólafsdóttir, 191261-2089, sign

Sædís Íva Elíasdóttir, 270467-4909, sign